

REGLUR um skipulagskröfur fyrir viðskiptavettvanga.

1. gr.

Gildissvið.

Reglur þessar gilda um nánari framkvæmd laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga hvað varðar:

- a. Efni og form lýsingar á starfsemi markaðstorgs skv. 28. gr. laganna.
- b. Tilkynningar innlendra verðbréfafyrirtækja um þjónustu og starfsemi án útibús og stofnun útibús og/eða notkun einkaumboðsmanns í öðru aðildarríki, skv. 62. og 63. gr. laganna.
- c. Álagsþol kerfa og sjálfvirka stöðvun viðskipta, skv. 83. gr. laganna.
- d. Algrimsviðskipti, skv. 85. gr. laganna.
- e. Beinan rafrænan aðgang, skv. 86. gr. laganna.
- f. Fyrirkomulag þóknana, skv. 87. gr. laganna.
- g. Samhýsingu, skv. 89. gr. laganna.
- h. Verðskref, skv. 90. gr. laganna.
- i. Samstillingu viðskiptaklukkna, skv. 91. gr. laganna.
- j. Skyldu til að útvega tilvísunargögn fyrir fjármálagerninga, skv. 27. gr. MiFIR.

2. gr.

Tilvísanir.

Bein rafræn tenging: Tilvísanir í reglum þessum til beinnar rafrænnar tengingar skv. a-, b-, og g-liðum 12. mgr. 48. gr. tilskipunar 2014/65/ESB skal skilja sem tilvísanir til beins rafræns aðgangs skv. 86. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga.

Flokkar fjármálagerninga skv. C-þætti I. viðauka MiFID II: Tilvísanir í reglum þessum til flokka fjármálagerninga skv. C-þætti I. viðauka tilskipunar 2014/65/ESB skal skilja sem tilvísanir til flokka fjármálagerninga skv. 2., 6. og 17. töluliðum 1. mgr. 4. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga.

Fyrirkomulag og verkferlar skv. 31. gr. MiFID II: Tilvísanir í reglum þessum til fyrirkomulags og verkferla til eftirlits með viðskiptum eins og gerð er krafa um í 31. gr. tilskipunar 2014/65/ESB skal skilja sem tilvísanir til fyrirkomulags og verkferla skv. 56. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga.

Fyrirkomulag og verkferlar skv. 4. mgr. 18. gr. MiFID II: Tilvísanir í reglum þessum til fyrirkomulags og verkferla til eftirlits með viðskiptum eins og gerð er krafa um í 4. mgr. 18. gr. tilskipunar 2014/65/ESB skal skilja sem tilvísanir til fyrirkomulags og verkferla skv. 5. tölulið 1. mgr. 28. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga.

MiFID I: Tilvísanir í reglum þessum til ákvæða tilskipunar 2004/39/EB skal skilja sem tilvísanir til ákvæða laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti sem innleiddu þá tilskipun.

Pöruð miðlaraviðskipti: Tilvísanir í reglum þessum til paraðra miðlaraviðskipta skv. 7. mgr. 20. gr. tilskipunar 2014/65/ESB skal skilja sem tilvísanir til jafnaðra eigin viðskipta skv. 8. mgr. 30. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga.

Hlítني við 48. gr. MiFID II: Tilvísanir í reglum þessum til hlítني við ákvæði 48. gr. tilskipunar 2014/65/ESB skal skilja sem tilvísanir til hlítني við 83.-89. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga.

Myndun seljanleika skv. 2. mgr. 48. gr. MiFID II: Tilvísanir í reglum þessum til myndunar seljanleika í samræmi við 2. mgr. 48. gr. tilskipunar 2014/65/ESB skal skilja sem tilvísanir til 84. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga.

Reglugerð (ESB) 596/2014: Tilvísun í 22. gr. reglugerðar (ESB) 2017/584 til reglugerðar (ESB) 596/2014 skal skilja sem tilvísun til laga nr. 60/2021 um aðgerðir gegn markaðssvikum.

Reglur og verkferlar skv. 32. gr. MiFID II: Tilvísanir í reglum þessum til fyrirkomulags og verkferla um tímabundna stöðvun viðskipta með fjármálagerninga og töku þeirra úr viðskiptum eins

og gerð er krafa um í 32. gr. tilskipunar 2014/65/ESB skal skilja sem tilvísanir til reglna og verkferla skv. 57. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga.

Reglur og verkferlar sem tryggja hlítu við 24., 25., 27. og 28. gr. MiFID II: Tilvísanir í reglum þessum til reglna og verkferla sem tryggja að farið sé að ákvæðum 24., 25., 27. og 28. gr. tilskipunar 2014/65/ESB skal skilja sem tilvísanir til reglna og verkferla skv. 33.-41. og 44.- 48. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga.

Starfsleyfi skv. III. bálki MiFID II: Tilvísanir í reglum þessum til starfsleyfis í samræmi við III. bálk tilskipunar 2014/65/ESB skal skilja sem tilvísanir til starfsleyfis sem skipulegur markaður skv. lögum nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga.

Starfsleyfi skv. CRDIV: Tilvísanir í reglum þessum til lánastofnana með starfsleyfi skv. tilskipun 2013/36/ESB skal skilja sem tilvísanir til lánastofnana með starfsleyfi skv. lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Skyldur skv. eða hlítu við MiFID II: Tilvísanir í reglum þessum til skyldna skv. eða hlítu við tilskipun 2014/65/ESB skal skilja sem tilvísanir til skyldna skv. eða hlítu við lög nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga.

Skilyrði 48. og 49. gr MiFID II: Með tilvísun í skilyrði sem mælt er fyrir um í 48. og 49. gr. tilskipunar 2014/65/ESB er átt við skilyrði sem mælt er fyrir um í 83.-90. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga.

Skrá yfir umboðsmenn skv. 3. mgr. 29. gr. MiFID II: Tilvísanir í reglum þessum til skráar yfir umboðsmenn í samræmi við 3. mgr. 29. gr. tilskipunar 2014/65/ESB skal skilja sem tilvísanir til skráar yfir einkaumboðsmenn skv. 6. mgr. 50. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga.

Skyldur skv. 47. gr. MiFID II: Tilvísanir í reglum þessum til skyldna sem um getur í b-, c- og e-lið 1. mgr. 47. gr. tilskipunar 2014/65/ESB skal skilja sem tilvísun til skyldna skv. 78. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga.

Fyrirmæli þar sem svigrúm til ákvarðanatöku skv. 6. mgr. 20. gr. MiFID II er nýtt: Tilvísanir til fyrirmæla þar sem svigrúm til ákvarðanatöku skv. 6. mgr. 20. gr. tilskipunar 2014/65/ESB er nýtt skal skilja sem tilvísanir til svigrúms til framkvæmdar fyrirmæla skv. 6. mgr. 30. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga.

Tilkynning um viðskipti yfir landamæri fyrir fjárfestingarþjónustu og -starfsemi: Tilvísanir í reglum þessum til tilkynninga um viðskipti yfir landamæri fyrir fjárfestingarþjónustu og -starfsemi í samræmi við 2., 3. eða 5. mgr. 34. gr. tilskipunar 2014/65/ESB skal skilja sem tilvísanir til slíkra tilkynninga skv. 62. og 63. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga.

Tilkynning um viðskipti yfir landamæri fyrir útibú eða einkaumboðsmenn: Tilvísanir í reglum þessum til tilkynninga um viðskipti yfir landamæri fyrir útibú eða tilkynninga um viðskipti yfir landamæri fyrir einkaumboðsmann í samræmi við 2., 7. eða 10. mgr. 35. gr. tilskipunar 2014/65/ESB skal skilja sem tilvísanir til tilkynninga skv. 63. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga.

Tilkynning um fyrirkomulag til að greiða fyrir aðgangi að markaðstorgi fjármálagerninga eða skipulegu markaðstorgi: Tilvísanir til tilkynninga um fyrirkomulag til að greiða fyrir aðgangi að markaðstorgi fjármálagerninga eða skipulegu markaðstorgi í samræmi við 7. mgr. 34. gr. tilskipunar 2014/65/ESB skal skilja sem tilvísanir til tilkynninga skv. 64. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga.

Upplýsingar sem tengjast kröfum 3. mgr. 19. gr. MiFID II: Tilvísanir í reglum þessum til upplýsinga sem tengjast kröfum 3. mgr. 19. gr. tilskipunar 2014/65/ESB skal skilja sem tilvísanir til upplýsinga sem tengjast kröfum 1.-3. töluliðar 1. mgr. 29. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga.

Viðskiptavaki: Tilvísanir í reglum þessum til viðskiptavaka skv. 7. lið 1. mgr. 5. gr. tilskipunar 2014/65/ESB skal skilja sem tilvísanir til viðskiptavaka skv. 67. tölulið 1. mgr. 4. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga.

Viðskiptavakt á óháðum grunni: Tilvísun til viðskiptavaktar á skipulegu markaðstorgi á óháðum grunni í samræmi við 5. mgr. 20. gr. tilskipunar 2014/65/ESB skal skilja sem tilvísun til viðskiptavaktar skv. 5. mgr. 30. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga.

Þjónustufrelsi og staðfesturéttur skv. MiFID II: Tilvísanir í reglum þessum til frelsis til að veita fjárfestingarþjónustu, frelsis til að stunda fjárfestingarstarfsemi og staðfesturéttar í samræmi við ákvæði tilskipunar 2014/65/ESB skal skilja sem frelsi til að veita fjárfestingarþjónustu, frelsi til að stunda fjárfestingarstarfsemi og staðfesturéttar skv. ákvæðum laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga.

3. gr.

Innleiðing reglugerða.

Með reglum þessum öðlast gildi hér á landi eftirfarandi reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar (ESB) sem birtar eru í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 72 frá 11. nóvember 2021, bls. 168-185 og 210-215, nr. 78 frá 9. desember 2021, bls. 13-19, nr. 8 frá 10. febrúar 2022, bls. 8-12, og nr. 20 frá 24. mars 2022 bls. 12-18 og 29-68, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. [85/2019](#) sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 88 frá 31. október 2019, bls. 7-19, sbr. einnig bókun 1 um altæka aðlögun við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993, þar sem bókunin er lögfest:

1. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar ([ESB](#)) [2016/824](#) frá 25. maí 2016 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar efni og snið lýsingar á starfsemi markaðstorga fjármálagerninga og skipulegra markaðstorga og tilkynningu til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB um markaði fyrir fjármálagerninga.
2. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar ([ESB](#)) [2017/573](#) frá 6. júní 2016 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB um markaði fyrir fjármálagerninga að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um kröfur til að tryggja að samhýsingarþjónusta og fyrirkomulag þóknana sé sanngjarnt og án mismununar.
3. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar ([ESB](#)) [2017/574](#) frá 7. júní 2016 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir nákvæmnistig viðskiptaklukkna.
4. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar ([ESB](#)) [2017/584](#) frá 14. júlí 2016 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina skipulagskröfur fyrir viðskiptavettvanga.
5. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar ([ESB](#)) [2017/585](#) frá 14. júlí 2016 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir gagnastaðla og -form fyrir tilvísunargögn um fjármálagerninga og tæknilegar ráðstafanir í tengslum við fyrirkomulag sem Evrópska verðbréfamarkaðs-eftirlitsstofnunin og lögbær yfirvöld koma á.
6. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar ([ESB](#)) [2017/588](#) frá 14. júlí 2016 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um kerfi verðskrefa fyrir hlutabréf, heimildarskírteini og kauphallarsjóði.
7. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar ([ESB](#)) [2017/1018](#) frá 29. júní 2016 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB um markaði fyrir fjármálagerninga að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina upplýsingar sem verðbréfafyrirtæki, rekstraraðilar markaða og lánastofnanir eiga að tilkynna.
8. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar ([ESB](#)) [2017/2382](#) frá 14. desember 2017 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar stöðluð eyðublöð, sniðmát og verklagsreglur vegna sendingar upplýsinga í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB.

Með reglum þessum öðlast einnig gildi hér á landi framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar ([ESB](#)) [2019/443](#) frá 13. febrúar 2019 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) [2017/588](#) að því er varðar möguleikann á að leiðrétta meðalfjölda viðskipta fyrir hlutabréf þar sem viðskiptavettvangurinn með mestu veltu á þeim hlutabréfum er staðsettur utan Sambandsins, sem birt eru í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 34 frá 25. maí 2022, bls. 11-12, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. [160/2020](#), sbr. einnig bókun 1 um altæka aðlögun við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993, þar sem bókunin er lögfest.

4. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í 5. mgr. 28. gr., 5. mgr. 62. gr., 8. mgr. 63. gr., 5. mgr. 83. gr., 3. mgr. 85. gr., 4. mgr. 86. gr., 5. mgr. 87. gr., 2. mgr. 89. gr. 2. mgr. 90. gr., 2. mgr. 91. gr. og 21. tölulið 145. gr. laga nr. 115/2021 um markaði með fjármálagerninga, taka gildi þegar í stað. Á sama tíma falla úr gildi reglur nr. 231/2022 um skipulagskröfur fyrir viðskiptavettvanga.

Seðlabanka Íslands, 11. júlí 2022.

Ásgeir Jónsson
seðlabankastjóri.

Rannveig Júníusdóttir
framkvæmdastjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 14. júlí 2022